



LANGANESBYGGÐ

14. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 11. desember 2014 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Gunnólfur Lárusson, Aneta Potrykus, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti kynnti að liður 17 Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga er tekið út af dagsskrá vegna ófærðar. Oddviti bar undir fundinn að breyta heitinu á lið 4 í Deiliskipulag á Bakkafirði vegna urðunnarsvæðisins. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð Atvinnu-, menningar- og ferðamálanefndar dags 27. nóvember 2014**
Lögð fram til kynningar
- 2. Fundargerð Atvinnu-, menningar- og ferðamálanefndar dags 4. desember 2014**
Lögð fram til kynningar
Liður 1. Samstarfssamningur Langanesbyggðar og Þekkingarnets Þingeyinga. Lagt til að gengið verði til samninga við Þekkingarnet Þingeyinga út frá samningi sem lagður var fyrir sveitarstjórn þann 29. október 2014. Sveitarstjóra falið að klára endanlega útgáfu á samningnum og senda á sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.
- 3. Fundargerð fræðslunefndar dags 1. desember 2014**
Lögð fram til kynningar
- 4. Deiliskipulag á Bakkafirði vegna urðunnarsvæðis**
Lagt til að sveitarstjórn samþykki að áður auglýst deiliskipulag fyrir Bakkafjörð verði endurauglýst með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á því. Samþykkt samhljóða.

Einnig samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi vegna sorpmála og urðunnar á Bakkafirði:

- Stefnt er að því að ekki verði urðað á deiliskipulögðum urðunnarstað á Bakkafirði lengur en í 7-10 ár.
- Vegna urðunnar verði ráðist í eftirfarandi aðgerðir:
 - Farið verði í öflugt kynningarátak í sorpflokkun og skýrari reglur settar um flokkun
 - Starfshópur skipaður af sveitarstjórn og hlutverk hans er að koma með útfærðar hugmyndir að lausnum í sorpurðun
 - a. Starfshópurinn skili af sér stöðuskýrslu innan 4 mánaða þar sem farið væri yfir þá kosti sem hópurinn sér fýsilega í málaflokknum.



- b. Starfshópurinn skili sveitarstjórn skýrslu ca 5 mánuðum seinna hvar fram kæmu þrjár leiðir sem starfshópurinn teldi að gagnaðist samfélaginu í Langanesbyggð best.
- c. Í framhaldi af því fæli sveitarstjórn starfshópnum að vinna málið lengra eða tæki við málinu og veldi lausn
- d. Starfshópurinn fengi ákveðna heimild til að leita sér sérfræði aðstoðar, allt þó í nánú samstarfi við sveitarstjóra, sem bæri fjárhagslega ábyrgð á vinnu starfshópsins.

Á næsta fundi sveitarstjórnar tilnefna allir listar sinn sinn fulltrúa í starfshópinn. Samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð 822. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 21. nóvember 2014

Lögð fram til kynningar

6. Fundargerð 5. fundar Fagraðs fráveitusviðs Samorku dags 6. nóvember 2014

Lögð fram til kynningar

7. Fundargerð 6. fundar Fagraðs fráveitusviðs Samorku dags 27. nóvember 2014

Lögð fram til kynningar

8. Stuðningsbeiðni við Snorraverkefnið dags 17. nóvember 2014

Sveitarstjórn telur sér ekki fært um að styrkja verkefnið að svo stöddu. Samþykkt samhljóða.

9. Greið leið – erindi vegna árlegrar hlutafjárútkningar dags 3. desember 2014

Langanesbyggð á 0,25% hlut í Greiðri leið ehf. Í lánasamningi Vaðlaheiðarganga hf og ríkisins þá ber Greiðri leið ehf að auka hlut sinn um 40 mkr. árlega á árabílinu 2013-2017. Samkvæmt samþykktum Greiðrar leiðar ehf eiga hluthafar félagsins forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í samræmi við hlutafjäreign sína. Lagt til að sveitarfélagið nýti sér forkaupsrétt á nýju hlutafé í Greiðri leið að upphæð 96.075 kr. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að ganga frá tilkynningu þess efnis.

10. Hvatning til sveitarfélaga til að gera átak í að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla dags 4. desember 2014

Lagt fram til kynningar

Lagt til að senda erindið til fræðslunefndar til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða.

11. Breyting á nefndarmönnum í Hafnarnefnd

Guðmundur Jóhannsson hefur óskað eftir að láta af störfum í Hafnarnefnd. N-Listi tilnefnir Jón H. Marinósson sem aðalmann í hafnarnefnd og Agnar Jónsson sem varamann í hafnarnefnd.

12. Uppgjör janúar-október 2014

Sveitarstjóri fór yfir helstu niðurstöður uppgjörnsins.



13. Fjárhagsáætlun 2015 - seinni umræða

Þann 4. desember var haldinn vinnufundur hjá sveitarstjórn þar sem farið var yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2015. Sveitarstjóri lagði þar fram tillögur að breytingum frá fyrri umræðu og skýrði forsendur þeirra breytinga. Sveitarstjóra falið í framhaldi af því að undirbúa áætlunina fyrir aðra umræðu miðað við þær forsendur sem komu fram.

Fjárhagsáætlun 2015 - helstu forsendur og rekstrarniðurstöður:

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2015 eru útsvar, skatttekjur og fasteignaskattar sveitarfélagsins áætlaðar tæplega 230 milljónir kr., framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga tæplega 170 milljónir kr., og aðrar tekjur tæplega 292 milljónir kr. Samtals eru tekjur áætlaðar 690,8 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins og stofnanna þess verði 374,1 milljónir kr eða sem svarar 54,1 % af heildartekjum þess. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 223,7 milljónir kr. Afskriftir eru áætlaðar 50,8 milljónir kr. Fjármagnsgjöld eru áætluð 40,2 milljónir kr.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta verður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld jákvæð um 93 milljónir kr. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð að upphæð 2 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 60,7 milljónir kr. sem er 8,8% af heildartekjum.

Handbært fé í árslok er áætlað 6,9 milljónir kr.

Áætlun 2015 gerir ráð fyrir að hafin verði bygging leikskóla og að sú framkvæmd klárast árið 2016. Rekstur sveitarfélagsins er viðkvæmur og nauðsynlegt er að sýna ítrasta aðhald í öllum rekstri á næstu árum.

Áætlunin borin undir fundinn og samþykkt samhljóða

14. Fjárhagsáætlun þriggja ára 2016-2018 – seinni umræða

Fjárhagsáætlun 2016-2018 tekin til umræðu.

Áætlunin borin undir fundinn. Samþykkt samhljóða

15. Skýrsla sveitarstjóra

- Verslunarmál á Bakkafirði. Ekki hefur unnist tími til að skoða þau mál frá síðasta fundi.
- Fjarfundarbúnaður í húsnæði Langanesbyggðar á Bakkafirði. Sveitarstjóri kynnti að búið er að fá tilboð frá nokkrum aðilum. Kostnaður við kaup á búnaði er á bilinu 250-360 þúsund en það fer eftir útfærslum. Sveitarstjóra mun vinna málið áfram.
- Sauðanesnefnd. Nefndin hefur fundað að undanfögnu um fyrirkomulag á rekstrinum til framtíðar.
- Íþróttahús. Verið er að ganga frá kaupunum á 2 varmadælum, loft í loft. Búið er að óska eftir tilboði í það að færa loftræstikerfið.
- Skemmtir á höfninni á Þórshöfn. Búið að hafa samband við fulltrúa vegagerðarinnar. Verið er að skoða með hvaða hætti er farsælast að gera við höfnina.
- Höfnin á Bakkafirði. Vinna við lagfæringar á klósettskúr eru langt komnar. Verið er að leggja drög að því að kaupa innsiglingarljós en það hefur reynst erfitt að sigla þarna inn skammdeginu.
- Foktjón. Hjá Langanesbyggð f auk upp hurð á Íþróttahúsi og klæðning



LANGANESBYGGÐ

skemmdist á Nausti. Þessi mál eru í ferli hjá starfsmanni áhaldahúss og tryggingarfélaginu. Við skoðun á foktjóni á Nausti kom í ljós að töluverð tæring er í nöglum sem notaðir voru til að skjóta í lektur á steinvegg. Það þarf að skoða innan skamms tíma.

- h. Starfsmannamál. Nú er ráðningarferlinu sem sveitarstjóri kynnti á síðasta fundi að ljúka og komin er niðurstaða. Hún mun verða kynnt í byrjun næstu viku. Fyrst þarf sveitarstjóri að funda með skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði þar sem hún ber einnig ábyrgð á ráðningunni og ber stjórnunarlega ábyrgð og ábyrgð á faglegu starfi leikskólans. Sá fundur átti að vera í gær en var frestað vegna veðurs en verður haldinn á morgun.
- i. Jól og áramót. Sveitarstjóri kynnti að hann yrði fyrir sunnan um jól og áramót. Búið er að skipulegga nokkra fundi með nokkrum þjónustuaðilum sem Langanesbyggð er í viðskiptum við á þeim tíma og mun sveitarstjóri hitta þá.

Að lokum óskar sveitarstjóri sveitarstjórn Langanesbyggðar gleðilegrar jólahátíðar með þökk fyrir áhugavert og gott ár.

16. Næsti fundur sveitarstjórnar

Lagt til að næsti formlegi fundur sveitarstjórnar verði haldinn 15. janúar 2015. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert
Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:55